



Framboð til aðalstjórnar Sýnar hf. 2022



SPORT



ENDOR



Hákon Stefánsson

Hákon Stefánsson er fæddur árið 1972. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá HÍ 1998 og er með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Hann hefur frá árinu 2019 starfað sem forstjóri InfoCapital ehf. Áður var hann meðeigandi Lögmanna Mörkinni 2018-2019. Þá gegndi hann ýmsum störfum á árunum 2006-2018 fyrir Creditinfo Group, svo sem starfi framkvæmdastjóra á Íslandi, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og alþjóðamarkaða, sem og starfi aðstoðarforstjóra. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Intrum Justitia á árunum 2002-2006, var bæjarlögmaður á Akureyri 2000-2002 og starfaði sem löglærður fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur 1998-2000.

Hákon situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlenda fyrirtækja auk þess að sitja í stjórnnum opinberra stofnana og fyrirtækja.

Félög tengd Hákonni, þ.e. InfoCapital ehf. og Gavia Invest ehf., fara með 51.397.128 hluti í Sýn hf.





Helen Neely

Helen Neely er fædd árið 1972. Hún útskrifaðist með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011. Helen er starfandi framkvæmdastjóri og eigandi fjárfestingafélagsins Konkrít ehf. Helen hefur sérhæft sig í þátttöku í mótun og þróun á fasteignaverkefnum.

Áður var hún meðeigandi, fjármála- og rekstrarstjóri í ÞG Verktökum ehf. Helen hefur setið í stjórnnum eftirtalinna fyrirtækja; Ásbrú ehf., ÞG Verk ehf., Arcus ehf., Kaldalón hf. og Ormsson ehf.

Helen fer með 2.000.000 hluti í Sýn hf. gegnum félagið Konkrít ehf.





Jóhann Hjartarson

Jóhann Hjartarson er fæddur árið 1963. Jóhann hefur verið yfirlögfræðingur Íslenskrar erfðagreiningar ehf. frá árinu 1998 og er einnig stjórnarformaður fyrirtækisins. Þá situr hann í varastjórn Þjónustumiðstöðvar rannsóknarverkefna. Jóhann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1992 og öðlaðist lögmannsréttindi 1998. Hann er með diplóma í alþjóðlegum hugverka- og einkaleyfarétti frá University of Washington School of Law og öðlaðist réttindi til málareksturs hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (e. European Patent Attorney) 2006.

Jóhann sat í stjórn N1 sem stjórnarformaður árin 2011 til 2012, HB Granda hf. (nú Brim hf.) árin 2011 til 2014 og Landsbankanum hf. árin 2014 til 2016. Jóhann er stórmeistari í skák og var atvinnumaður í skák og kennari við Skákskóla Íslands á árunum 1985-1997.

Jóhann fer með 240.000 hluti í Sýn gegnum eigið eignarhald.





Jón Skaftason

Jón Skaftason er fæddur árið 1983. Hann er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og sérhæfði sig þá í skyldum stjórnarmanna í hlutafélögum, sem hann skrifaði lokaritgerð um. Enn fremur er Jón LL.M í Corporate Law frá University College London.

Hann hefur réttindi til málflutnings fyrir Héraðsdómi og hefur sinnt stundakennslu í félagarétti við Háskólann í Reykjavík og kennt þar um skyldur stjórnarmanna.

Milli áranna 2020 og 2022 var Jón framkvæmdastjóri Strengs Holding ehf, með aðsetur fyrst í Bretlandi og þá á Íslandi. Þar stýrði hann fjárfestingum Strengs í Skeljungi hf og Kaldalóni hf. Hann leiddi umbreytingu Kaldalóns hf í tekjuberandi fasteignafélag, en Kaldalón er í dag skráð á First North markaðinn. Stefnt er að skráningu á aðalmarkað. Á árunum 2012 til 2020 var Jón framkvæmdastjóri fjárfestinga 365 hf og vann hann að sölu á fjölmiðla- og fjarskiptarekstri 365 miðla til Sýnar hf (þá Fjarskipti). Í starfi sínu fyrir 365 miðla hafði Jón yfirumsjón með kaupum á erlendu afþreyingar- og íþróttæfni og samningum því tengdu. Jón starfaði sem lögmaður á skrifstofu Logos Legal Services í London á árunum 2007 til 2012.

Jón situr í stjórn 101 Copenhagen Apps (Danmörk). Áður var hann stjórnarformaður Kaldalóns (2021-2022), Sleep Solutions Ltd (Bretland) árin 2018 – 2021, Torgs ehf – útgáfufélags Fréttablaðsins, 2018-2019, og Murduck London Ltd (Bretland) árin 2012-2014. Jón er stjórnarmaður í Gavia Invest ehf, eins stærsta hluthafa Sýnar hf.

Félög tengd Jóni, þ.e. Gavia Invest ehf. og Stelvio Consulting ehf., fara með 43.397.128 hluti í Sýn hf.



Páll Gíslason

Páll Gíslason er fæddur árið 1976. Hann er rafmagns- og tölvuverkfræðingur sem hefur á rúmlega tuttugu ára ferli starfað við nýsköpun á ýmsum sviðum tækni og vísinda. Páll tók nýverið við stöðu sem Head of Trading hjá Jiko Group, sem er bandarískur fi ntec banki, en hann hefur undanfarin 15 ár starfað við hátíðniviðskipti (High Frequency Trading, HFT) í viðskiptum við kauphallir víða um heim.

Páll var meðstofnandi og forstjóri World Financial Desk LLC (WFD), sem var stofnað í Los Angeles 2007 en fl utti til New York City 2010. Félagið var m.a. með stærri viðskiptavökum á rafrænum mörkuðum með bandarísk ríkisskuldabréf og vaxtaafli eiður, og átti einnig mikil viðskipti á kauphöllum í Bretlandi, Ástralíu og Þýskalandi. Áður en Páll snéri sér að fjármálamörkuðum hafði hann starfað fyrir þrjú sprotafyrirtæki.

Páll á ekki eignarhlut í Sýn hf.





Rannveig Eir Einarsdóttir

Rannveig Eir er fædd 1965 og er hún með MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Að aðalstarfi er Rannveig forstjóri Reir Verk ehf, þróunar- og byggingarfélags. Í 16 ár, eða frá árinu 2000 til ársins 2016 starfaði Rannveig sem stjórnandi hjá Icelandair. Hún var í ábyrgð fyrir þjónustu og starfsmannahaldi flugþjónustustétta félagsins sem tók yfir 800 starfsmenn þegar mest lét. Meðal verkefna Rannveigar voru veigamiklar skipulagsbreytingar í kjölfar stefnumótunar sem hún bar ábyrgð á, á sviði sölu, þjónustu, ferlum og starfsmannahaldi um borð í flugvélum Icelandair. Rannveig var forstöðumaður flugþjónustudeildar Icelandair. Í þeirri breytingarstjórnun sem var samfara þeim verkefnum sem Rannveig innleiddi á sviði skipulags og ferla, var hún í ábyrgð fyrir samvinnu við þær stéttir sem breytingarnar höfðu áhrif á.

Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignapróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir Verk ehf. Hún tók þátt í byggingu og stofnun Sandhótels við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hótels. Rannveig var stjórnarmaður í félaginu Heimavöllum hf. á árunum 2019 og 2020. Undanfarin fimm ár, eða frá árinu 2017, hefur Rannveig verið í stjórn Ölgerðarinnar, og er enn stjórnarmaður í því félagi.

Rannveig fer með 20.650.00 hluti í Sýn hf. gegnum Fasta ehf.





Sesselía Birgisdóttir

Sesselía er fædd árið 1976. Sesselía hefur starfað sem stjórnandi í yfir 16 ár bæði hérlandis og í Svíþjóð. Hún hefur frá árinu 2021 starfað sem forstöðumaður nýsköpunar- og markaðsmála hjá Högum. Þar áður starfaði Sesselía sem framkvæmdastjóri þjónustu-, sölu- og markaðssviðs hjá Íslandspósti. Á árunum 2016 til 2019 starfaði hún sem forstöðumaður stafrænna miðla og markaðsmála hjá Advania. Sesselía starfaði í Svíþjóð í 10 ár sem ráðgjafi í stafrænni miðlun og nýsköpun og var einn af stofnendum bókunarþjónustu fyrirtækisins Red Apple Apartments.

Sesselía hefur lokið M.Sc. námi í stjórnun mannauðs, með áherslu á þekkingar- og breytingarstjórnun frá Lundar háskóla í Svíþjóð og M.Sc. námi í alþjóðlegri markaðsfræði og vörumerkjastjórnun frá Lundar háskóla í Svíþjóð. Hún er aðalmaður í stjórn hugbúnaðarfyrirtækisins AGR Dynamics frá árinu 2021.

Sesselía á ekki eignarhlut í Sýn hf.





Sigmar Páll Jónsson

Sigmar Páll er fæddur 1992. Hann lauk ML prófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2017 og varð hérðasdómslögmaður 2020. Hans áherslusvið eru fjármál fyrirtækja og hvers konar lögfræðiráðgjöf því tengd. Hann hefur starfað á Nordik lögfræðipjónustu frá árinu 2019 fyrst sem fulltrúi og sem meðeigandi frá árinu 2022. Auk þess situr Sigmar í stjórnnum fjölmargra einkahlutafélaga.

Sigmar á ekki eignarhlut í Sýn hf.





Framboð til varastjórnar Sýnar hf. 2022



SPORT



ENDOR



Daði Kristjánsson

Daði Kristjánsson er fæddur árið 1984. Daði er með B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði og M.Sc. gráðu í fjármálahagfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Hann er framkvæmdastjóri Visku Digital Assets ehf. sem er rekstraraðili sérhæfðra sjóða fyrir fagfjárfesta. Daði hefur yfir 15 ára reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hefur lengst af starfað á sviði markaðsviðskipta, nú síðast hjá Fossum mörkuðum hf. þar sem hann var jafnframt einn af eigendum félagsins. Hann starfaði hjá H.F. Verðbréfum hf. frá 2010 til 2015 þar sem hann var forstöðumaður markaðsviðskipta og síðar framkvæmdastjóri félagsins.

Daði á ekki eignarhlut í Sýn hf.



SPORT





Salóme Guðmundsdóttir

Salóme er fædd árið 1983. Undanfarið ár hefur hún starfað sem stjórnarmaður og ráðgjafi hjá Eyri Venture Management og leiðbeinandi við MBA nám Háskólans í Reykjavík. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri Icelandic Startups árin 2014 til 2021. Þar áður var hún forstöðumaður Opna háskólans í HR. Salóme er með BSc próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og lauk AMP stjórnendanámi við IESE í Barcelona árið 2019.

Salóme hefur víðtæka reynslu af ýmsum nefndar- og stjórnarstörfum í íslensku atvinnulífi og situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands, Eyri Ventures ehf. og Nær ehf.

Salóme á ekki eignarhlut í Sýn hf.





Sólveig R. Gunnarsdóttir

Sólveig R. Gunnarsdóttir er fædd árið 1986. Hún starfar sem sjálfstæður stjórnunar-, fyrirtækja- og fjármálaráðgjafi hjá Sólveig. Áður hefur hún starfað hjá Landsbréfum, sem sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum hjá Horni II og Horni III, Orkuveitu Reykjavíkur í fjárstýringu og fjárfestatengslum, MP banka sem sérfræðingur fyrst í eignastýringu og síðar í áhættstýringu og hjá Háskóla Íslands sem aðstoðarkennari í rekstrarverkfræði.

Hún með B.Sc. í iðnaðarverkfræði úr Háskóla Íslands og með stjórnunargráðuna MBA frá Hult International Business School í San Francisco USA þar sem hún vann lokaverkefnið sitt fyrir Nestle í Shanghai í Kína, auk þess að vera með löggildingu í verðbréfamiðlun og lauk námskeiðinu „Ábyrgð og árangur stjórnarmanna“ hjá Opna Háskólanum í Reykjavík haustið 2019. Hún sat í stjórn KEA hótela ehf. árið 2017 meðan á söluferli stóð og var varamaður í stjórn Ölgerðarinnar á árunum 2017-2020. Hún á nú sæti í stjórn Disact ehf.

Sólveig á ekki eignarhlut í Sýn hf.

